

Nd.

20. Frumvarp til laga

[20. mál]

um 2% hækkun lægstu launa hinn 1. desember 1979.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

Allir grunnlaunataxtar, sem á voru greiddar 21.62% verðbætur í nóvember 1979 samkvæmt lögum nr. 13 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o. fl., skulu hækka um 2% hinn 1. desember 1979. Grunnlaunataxtar, sem á voru greiddar samkvæmt fyrrgreindum lögum hærri verðbætur en 19.24% en lægri en 21.62% í nóvember 1979, skulu hækka hinn 1. desember 1979 sem svarar 0.84% fyrir hvert 1% sem verðbætur á þá voru hærri en 19.24%.

Kauplagnesnefnd setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um 2% hækkun lægstu launa hinn 1. desember 1979.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér að laun, sem voru lægri en 263 þúsund krónur á mánuði fyrir dagvinnu í nóvember 1979, muni að öllu óbreyttu hækka um 2% minna en hærri laun hinn 1. desember næstkomandi, þar sem þá komi til framkvæmda frádráttur frá verðbótum vegna viðskiptakjararýrnunar, sem frestað hafi verið frá 1. júní síðastliðnum með bráðabirgðaákvæðum í lögum nr. 13 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. Viðskiptakjarafrádráttur þessi á lægstu laun hafi upphaflega verið ákveðinn, þegar við því var húist, að úr verðbólgu drægi á árinu. Sú hafi ekki orðið raunin og beri því brýna nauðsyn til að rétta hag þeirra, sem lægst laun hafa. Til þess að ná þessu marki á sem einfaldastan hátt þurfi því að hækka lægstu launataxta um 2% frá og með 1. desember 1979.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Allir grunnlaunataxtar, sem á voru greiddar 21.62% verðbætur í nóvember 1979 samkvæmt lögum nr. 13 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o. fl., skulu hækka um 2% hinn 1. desember 1979. Grunnlaunataxtar, sem á voru greiddar samkvæmt fyrrgreindum lögum hærri verðbætur en 19.24% en lægri en 21.62% í nóvember 1979,

skulu hækka hinn 1. desember 1979 sem svarar 0.84% fyrir hvert 1% sem verðbætur á þá voru hærri en 19.24%.

Kauplagsnefnd setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. nóvember 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Benedikt Gröndal.